

Úr dagbók förukonu nr. 208

Á sólbjörtum laugardegi lögðum við af stað í reynsluferð á GZ 999 ný innréttuðum og var ferðinni heitið í Vaglaskóg. Skyldi nú reyna á græjurnar. Við vorum í samfloti við flakkara 176 á X 279, sem þau kalla Lata-Brún.

Það er sagt að fall sé fararheill. Þegar bíllinn var sóttur á verkstæðið á föstudaginn, feilaði karlinn sig á nýju speglunum og bakkaði á annan bíl. Þegar vatnið var sett á vatnstankinn, flæddi vatn inn um allan bíl. Og síðast, þegar við vorum að aka gegn um Akureyri, ók bíll á ofsahraða í hringtorgið, svo að karlinn þurfti að nauðhempla. Þá buldi við brestur - og brotnaði kamarinn. Aftur varð mikið vatnsflóð, sem skildi eftir sig bleika slóð eftir götum bæjarins.

Í angist okkar með brotið klósettið snerum við aftur til norðurs til að finna Bjarna í Húsbílum og viti menn af tilviljun átti hann hálf klósett, sem við tókum alls hugar fegin og þúsluðum saman við heila partinn.

Síðan var haldið í skóginn, þar hittum við áhöfnina á 176, þau voru full angistar og kvíða. Þau héldu sem sé að við hefðum farið á vertshús til að éta og ætluðum ekki að grilla fyrr en á morgun. Við grilluðum okkur fjallalamb og jarðepli og átum eins og við hefðum ekki séð mat í viku. Gengum síðan um skóginn og nutum veðurbliðunnar. Spiluðum Gömlu vist fram á nótt.

Þessa fyrstu nótt í bílnum, sváfum við á efri hæðinni, þar var gott að vera, en það verð ég að segja að lofthæðin býður ekki upp á mikil rassaköst.

Sunnudagsmorgunninn rann upp með vægu sólskini og steikjandi hita. Við snæddum morgun/hádegis-mat undir berum himni og morruðum lengi sunnan undir bílunum. Gengum niður að Fnjóská og fengum okkur fótabað, til að bola betur hitann. Dvöldum í skóginum fram til kl. sex og horfðum á dásemdir náttúrunnar. Ókum síðan heimleiðis í einum fleng og áttum fullt í fangi að halda í við Lata-Brún.